

106

14. okt.

AUGLÝSING

um staðfesting heilbrigðismálaráðuneytisins á breytingu á heilbrigðissamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað, nr. 83 frá 1929.

Samkvæmt lögum nr. 64 frá 10. nóv. 1905 um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfélög er hér með staðfest eftirfarandi

BREYTING

á heilbrigðissamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað, nr. 83 frá 1929, er bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefir samþykkt.

1. gr.

II. kafli, 7. gr. orðist svo:

Öll hús, sem notuð eru til íbúðar, þar með taldar verbúðir og skipsskrokkar, sem notaðir eru til íbúðar, skulu vera svo að gerð og frágangi öllum, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Gluggar skulu vera á hjörum, einn gluggi hið minnsta í herbergi hverju. Trégólf eða steingólf skal vera í öllum íverustofum og af þeirri gerð, er heilbrigðisnefnd telur henta. Heilbrigðisnefnd getur heimtað, að raflýsing sé í hverju íbúðarherbergi, að herbergi séu máluð, að nægilegt matreiðslurúm með eldstó sé í íbúð eða verbúð, að eldstó eða jafngott hitumartæki eða jafnhentugt sé sett í íbúðarherbergi hvert, þótt í verbúð sé, að vatnsleiðsla með þvottaskál og frárennslisleiðsla sé lögð inn í íbúð eða verbúð á fullnægjandi hátt að álitni nefndarinnar, að frárennslisleiðsla sé sett í samband við holræsakerfi bæjarins eða látin liggja til sjávar. Gengið skal svo frá gluggum og þaki íbúða og verbúða, að ekki leki og að hæfilegt sé að álitni heilbrigðisnefndar.

Heimilt er og nefndinni að heimta af eiganda húss, leigusala og leigutaka, að ræst sé herbergi í íbúðarhúsi eða verbúð, er hún telur þess þörf. Henni er og heimilt að ákveða, hve margir menn megi mest búa í tiltekinni íbúð eða herbergi.

Hvarvetna, er eigandi íbúðarhúss eða verbúðar fullnægir ekki kröfum heilbrigðisnefndar um þau atriði, er ræðir um í grein þessari, getur heilbrigðisnefnd látið framkvæma verkið á kostnað húseigandans. Sá kostnaður hvílir sem lögveð á húsinu á undan þinglesnum veðböndum næst á undan lögveðum til ríkissjóðs.

Nú næst ekki í eiganda húss innan lögsagnarumdæmisins og hann hefir eigi tilkynnt heilbrigðisnefnd, að hann setji umboðsmann fyrir sig um húseignina; er þá rétt, að tilkynningar heilbrigðisnefndar séu birtar með því að þinglýsa þeim á húseign þá, er um ræðir.

Þeir, sem eiga húseignir í lögsagnarumdæminu, en eru ekki búsettir eða **106**
 eru fjarverandi úr lögsagnarumdæminu, skulu skriflega tilkynna lögreglustjóra, **14. okt.**
 hver sé forsvarsmaður húseignarinnar í fjarveru eiganda.

2. gr.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 14. október 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Gústav A. Jónasson.

S A M Þ Y K K T

fyrir fiskræktar- og veiðifélag Reykjadalársár.

107

26. okt.

1. gr.

Félagið heitir Fiskræktar- og veiðifélag Reykjadalársár. Heimili þess og varn-
 arþing er á Sturlureykjum í Reykholtisdalshreppi.

2. gr.

Markmið félagsins er að auka laxveiði á félagssvæðinu og arð af henni
 með því

1. að stunda laxaklak,
2. að reka laxveiði fyrir alla félagsmenn sameiginlega á einum stað eða fleiri,
 ef henta þykir,
3. að banna alla netaveiði í ánni næstu 10 ár.

3. gr.

Félagið hefir umráð yfir öllum rétti til laxveiði í Reykjadalrá og Rauðsgili.
 Félagsmenn eru allir ábúendur þeirra jarða, er land eiga að nefndum vötnum,
 en þær eru:

1. Klettur, 2. Deildartunga, 3. Gróf, 4. Sturlureykir, 5. Skáney, 6. Grimsstaðir,
7. Reykholt, 8. Breiðabólstaður, 9. Úfsstaðir, 10. Hofstaðir, 11. Uppsálar, 12.
- Kollslækur, 13. Giljar, 14. Auðsstaðir, 15. Búrfell, 16. Rauðsgil, 17. Vilmundar-
 staðir, 18. Steindórsstaðir, 19. Hægindi, 20. Kópaleykir, 21. Kjalvararstaðir, 22.
- Snældubeinsstaðir, 23. Kleppjárnsreykir, 24. Hamrar, 25. Stóri-Kroppur,
26. Bær.